

Starfsgreinaráð	Snyrtigreina	
Starfsheiti	Snyrtifræðingur	Löggilt iðngrein
Dagsetning	25. ágúst 2020	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalyfing:

Snyrtifræðingur hreinsar, nuddar og snyrtir andlit, hendur, fætur og líkama. Hann fjarlægir hár, litar augnhár og augabrúnir, farðar og setur á gervineglur og naglaskraut. Hann velur vörur og áhöld og gerir áætlun um meðferð á faglegum forsendum en miðar einnig við þarfir og óskir viðskiptavina. Snyrtifræðingur fer að lögum og reglum í starfi sínu og sýnir fagleg vinnubrögð byggð á siðferðilegum grunni. Hann umgengst efni og áhöld með hliðsjón af öryggis- og varúðarráðstöfunum. Hann tekur þátt í skipulagningu og kennslu snyrtifræðinema á vinnustað.

Hæfnikröfur:

Greinir húð í andliti og á líkama, yfirborðs- og djúphreinsar og setur á andlitsmaska.

Veitir sænskt nudd og spa-meðferðir, þekkir ilmólur og notkun þeirra.

Fjarlægir andlits- og líkamshár.

Mótar og litar eða fjarlægir lit á augnhárum og augabrúnum og blandar liti og vetnisperoxíð.

Beitir viðeigandi aðferðum og meðferðum við hand- og fót snyrtingar.

Farðar fyrir mismunandi tilefni með persónulegar þarfir viðskiptavina að leiðarljósi. Hefur tileinkað sér litafræði og þekkir sögu förðunar.

Þekkir eiginleika fagtengdra efna, beitir hitameðferð og notar viðeigandi rafmagnstæki. Gætir varúðar við meðferð og notkun efna og áhalda.

Hefur grunnþekkingu á lífeðlisfræðilegri uppbyggingu handa, fóta, hárs og vöðva, húðsjúkdómum og ofnæmisviðbrögðum og þekkir einkenni sykursýki 1 og 2.

Útskýrir árangur meðferðar fyrir viðskiptavini og veitir ráðgjöf um framhalds- og eftirmeðferð. Vísar viðskiptavini til meðferðar hjá öðrum sérfræðingum í samræmi við eigin greiningu (frábending).

Er fagaður í framkomu og nærgættinn, veitir persónulega þjónustu í samræmi við greiningu á þörfum viðskiptavinar hverju sinni en tekur jafnframt fullt tillit til óska hans.

Þekkir og fer eftir lögum og reglugerðum um hreinlæti, sóttvarnir öryggi, vinnuvernd, forvarnir, réttindi og skyldur í snyrtifræði.

Er fær um að veita aðstoð í bráðatilfellum og skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.

Er meðvitaður um mikilvægi þjónustulundar fyrir vinnustaðinn, og hefur tileinkað sér fagtengdar siðareglur, gætir trúnaðar í hvívetna og þekkir lög um persónuvernd.

Er sjálfstæður í vinnubrögðum og ber ábyrgð á eigin verkum.

Hefur færni í notkun upplýsingatækni tengt störfum snyrtifræðings.

Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir mikilvægi öryggisvarna, helstu orsakir vinnuslysa og þær reglur sem gilda um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.